



## Starfatorið

Samtök sjálfstæðra skóla hafa tekið í notkun „Starfatorg“ þar sem aðilar að samtökunum geta auglýst lausar stöður til umsókna. Einnig geta þeir sem hafa áhuga á að starfa hjá sjálfstætt starfandi skólum skoðað auglýst störf og sótt um í gegnum *starfatorið* á einfaldan hátt. *Starfatorið* er þægilegt í notkun og leiðir notandann áfram skref fyrir skref. Vert er að minna á að ekki er þörf á lykilorði og allir þeir sem eru innan Samtaka sjálfstæðra skóla geta nýtt sér vefinn. Nú þegar hefur ein auglýsing verið birt á vefnum og standa vonir til að starfatorið verði öflugt verkfæri í leit að hæfu fólki þegar á þarf að halda.



## Skýrsla Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands fyrir SSSK

Síðast liðið vor var Hagfræðistofnun Háskóla Íslands falið að vinna skýrslu að beiðni SSSK. Skýrslan hefur þegar komið út og verið send félagsmönnum. Í skýrslunni er leitast við að bera saman opinber fjárframlög til sjálfstætt starfandi skóla annars vegar og framlög til skóla sem sveitarfélögin reka sjálf hins vegar. Fyrirhugað er að vinna áfram með Hagfræðistofnun um frekari útreikninga fyrir SSSK.

## Þjónustusamningur Menntasviðs Reykjavíkur við sjálfstætt rekna grunnskóla

Menntasvið Reykjavíkur hefur sent SSSK drög að þjónustusamningi við sjálfstætt rekna grunnskóla í borginni. Búið er að senda formlegar athugasemdir við drögin á Menntasvið og búast má við að það fari að stytta í að gengið verði frá formlegum undirskriftum.

## Kynning á drögum að aðalnámsskrá leikskóla og fjárhagsáætlun leikskóla Reykjavíkur

Þann 7. desember sl. voru tvær kynningar í húsaáskynnum SVP fyrir SSSK, annarsvegar kynning á drögum að aðalnámsskrá leikskóla og svo á fjárhagsáætlun leikskóla Reykjavíkur. Kynningarnar voru vel sóttar en nánar verður greint frá þeim í næsta fréttapósti. Við minnum á að allir sem eiga hagsmuna að gæta geta gert athugasemdir við drögin að aðalnámsskránni en frestur til þess er til 20. desember nk.

## Árshátíð og ráðstefna SSSK 4. mars 2011

**Föstudaginn 4. mars** verður haldin ráðstefna og árshátíð SSSK. Ráðstefnuhlutinn verður frá kl. 15 – 18 og síðan hefst árshátíðin kl. 20. Skipulagning er í fullum gangi og hefur verið ákveðið að þema dagsins verði: „**Allt hefur áhrif, einkum við sjálf**“. Nákvæm staðsetning hefur ekki verið valin en þó er víst að höfuðborgarsvæðið verður fyrir valinu. Við biðjum ykkur að taka strax frá daginn en dagskrá og nánari útfærsla verður auglýst rækilega þegar þar að kemur.

## „Skólinn okkar“

Það hefur verið gaman að senda upplýsingar um einstaka skóla innan SSSK með Fréttapóstinum. Stjórnendur skóla eru hvattir til að senda kynningarefni um skólann sinn og óskum við hér með eftir kynningum fyrir næsta fréttapóst. Það er gott að hafa í huga „samræmt útlit“.

## Aðventukveðja

Aðventan er gengin í garð með allri sinni ljósadýrð, börnum og starfsfólki skólanna til mikillar gleði. Það er ósk okkar að allir njóti aðventunnar og eigi gleðileg jól.

